

7. maí 2018

Fundur nr. 4 á árinu 2018 í aðalstjórn Vestra, haldinn kl.12:15 í sal á efri hæðinni í Vallarhúsinu á Torfnesi, Ísafirði.

Mætt eru: Hjalti Karlsson, Guðni Guðnason, Sólrún Geirsdóttir, Pétur Markan, Jóna Lind Kristjánsdóttir, Jónas Gunnlaugsson, Sigurður Hreinsson og Guðfinna Hreiðarsdóttir.

Gengið til dagskrár:

1. Undirbúningur vegna aðalfundar.

Gjaldkeri kynnti ársreikninga Vestra fyrir stjórnarmönnum og reikningarnir áritaðir í kjölfarið. Jafnframt voru undirritaðar þær fundargerðir sem eftir var að undirrita af stjórnarmönnum.

Drög að skýrslu formanns reifuð og óskað eftir viðbótum frá viðstöddum.

Að svo búnu var allt talið tilbúið fyrir aðalfundinn um kvöldið.

2. Brot á siðareglum

Formaður upplýsti stjórnarmenn um mál er varðar meint kynferðisbrot eftir lokahóf hjá knattspyrnudeild haustið 2017. Umræður um hvernig viðbrögð aðalstjórnar, deildar, eða trúnaðarmanns eiga að vera í málum sem slíkum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:16

Fundargerð ritaði Sigurður Hreinsson